Verkalýðsblaðið

5. tbl. 11. árg | 1. júní 1982 | Verð kr. 10,00

Samflotið trafali í kjarabaráttunni

Nú þegar þetta er skrifað hefur tekist að berja saman einingu í 72 manna nefnd ASI um boðun vinnustöðvunar frá 18. júní.

Þótt svo hafi verið ákveðið er allsendis óvíst að til nokkurra annarra aðgerða verði gripið en tveggja sólarhringa verkfalls sem á að fara á undan allsherjarverkfallinu.

Samflot hinna ólíku verkalýðsfélaga í kjarasamningum hefur nú endanlega gengið sér til húðar og óvíst um hvort það haldi áfram í sama horfi og hingað til. Það er orðinn sá trafali á hagsmunabaráttu einstakra verkalýðsfélaga, að ýmis félög og sambönd eiga mjög óhægt um vik að nýta sér hagfelldar aðstæður til að knýja sína atvinnurekendur til samninga.

Gagnsemi samflota var eflaust allnokkuð fyrir 20 árum þegar þau urðu fyrst jafn altæk og nú er. Þá var við fjandsamlega ríkisstjórn að etja og forysta verkalýðsfélaganna klofin í afstöðu sinni til hennar. Nú er ekki síður fjandsamleg ríkisstjórn, en nú er forystan hins vegar nær einhuga um stuðning við hana og beitir samfloti verkalýðsfélaganna nær miskunnarlaust til að beygja undanvillinga til fylgisspektar.

Það getur enginn verkamaður grátið þótt samflotið springi. Hitt er verra ef fólk er þvingað til verkfalla undir forystu sem raunverulega situr á svikráðum við kjarabaráttu þess.

Það er nauðsynlegt að félagsmenn í verkalýðsfélögunum samþykki enga eymdarsamninga á ný yfir sig. Það verður að heyja úrslitabaráttu í því þófi sem staðið hefur meira og minna óslitið frá því 1978, þegar samningarnir áttu að taka gildi sællar minningar. Þá úrslitabaráttu verður að heyja gegn þríhöfða þurs afturhaldsins — atvinnurekendum, ríkisvaldi og Alþýðusambandsforystunni. Sú barátta ein getur komið í veg fyrir áframhaldandi óðarýrnun kaupmáttarins og bætt kjör vinnandi fólks á Íslandi.

óhs

Vísbending til vinstri manna

Nú eru sveitarstjórnarkosningar afstaðnar, svo sem alþjóð hefur ekki farið varhluta af. Tölulega séð þýddu þær talsverða fylgisaukningu íhaldsmanna en fylgishrun A-flokkanna, sér í lagi þó Alþýðubandalagsins.

Eftir kosningar er fróðlegt að fylgjast með skýringum forystu AB á fylgistapinu. Öllu er kennt um nema stefnu flokksins og starfi á undanförnum árum og fylgi flokksins frá því 1978 er afskrifað á frekari umsvifa. Þeir eigna sér hlut í Kvennaframboðinu, sér til sárabóta, þótt ljóst megi vera af fylgissveiflum að það höfðaði einkum til vinstri krata og fyrrum fylgismanna Samtaka frjálslyndra og vinstri manna.

Sveitarstjórnarkosningarnar nú eru þrátt fyrir mannalæti forystumanna Alþýðubandalagsins og Þjóðviljans enn ein vísbending til vinstri manna um að Alþýðubandalagið er óhæfur forystuflokkur í hreyfingu íslenskra sósíalista.

Allir einlægir sósíalistar og kommúnistar verða að hafna forræði Alþýðubandalagsins í hreyfingu sinni. Verkefni okkar eru ljós: Að byggja upp rótfasta, lýðræðislega kommúnistahreyfingu, sem hafnar þingræðismakkinu og ráðherrasósíalismanum og fer leið fjöldastefnu að markinu. Þess væri óskandi að úrslit nýafstaðinna kosninga færðu mönnum heim sanninn um þessa nauðsyn. Þau eru í það minnsta enn einn hornsteininn á langri vegferð Alþýðubandalagsforystunnar frá sósíalismanum.

óhs.

1. maí:

Minni þátttaka í ár en í fyrra

Utan höfuðstaðarins var 1. maí líklega víðast með hefðbundnu sniði og óvíða skorin upp herör gegn stéttasamvinnustefnunni. Í Reykjavík voru aðgerðir með fámennara móti og varla veðrinu einu, hörðum norðangarra, um að kenna. Pólitísk kreppa og kyrrseta verkalýðsforystunnar í svefnstólunum er önnur og meiri orsök. Í göngu fulltrúaráðsins voru um 7-800 neðst á Laugavegi en allmargir biðu á torginu. Ekki reyndu þeir forystumenn þar að afhjúpa skrípaleik atvinnurekenda og ríkis **í tengslum við tillögur um baráttuaðgerðir.** Né heldur afhjúpu þeir mikið kjararán sem átt hefur sér stað, nema hvað Kristjáni Thorlacíus má segja það til hróss að hann nefndi þó varlega áætlaða útreikninga á kaupmáttarrýrnun hjá opinberum starfsmönnum. Einhliða ásakanir á hendur VSÍ fyrir seinagang áttu líklega að gea Ásmund og kó stikkfrí frá ábyrgð á stöðunni núna. Og skyldu hvatningarnar um sókn og samstöðu hrífa?

Sem sagt: Enga glóð að sækja í smiðjuna á Lækjartorg.

Aðgerðir Rauðrar verkalýðseiningar höfðu þokkalega nothæft kröfuúrval. Sérkrafa Kommúnistasamtakanna um Sovétríkin burt úr Afganistan bættu úr slagsíðunni gagnvart austurrisanum. Meira munaði þó um ræður og óvörp marx--

Framhald á bls. 2

Hugleiðingar um eðli sósíalískra byltinga *Sjá baksíðu*

Pólitískar hræringar *Sjá bls. 2*

Geta samtökin unnið saman? *Sjá bls. 4*

Vinstri hreyfingin *Sjá bls. 4—5*

Pólitískar hræringar

Vér Íslendingar höfum búið við dásemdir kapítalismans í meira en öld. Sumir virðast vera orðnir þreyttir á honum. Þrátt fyrir það skortir okkur flokk til vinstri við hið úrkynjaða Alþýðubandalag og sá flokkur virðist langt undan. Rúm tíu ár eru nú síðan fyrst fór að bera á hræringum vinstra megin við AB.

Í tíu ár hafa menn skrifað talað, lesið og barist og ekkert gengur. Sama gildir um nýju vinstri hreyfinguna í Evrópu. Sjálfsagt hefur aldrei verið meira um nýsköpun og frjálsa hugsun í vinstri hreyfingunni en einmitt á þessum tíma. Hvers vegna hefur öllum þessum ótal hugsuðum ekki tekist að skapa nothæfa teoríu sem hrist gæti upp í verkalýðnum?

Nauðsynleg forsenda þess að teoría verði áhrifamikil er að hreyfing sé á þjóðfélaginu, hræringar sem þurfa á teoríum að halda. Slíkar hræringar hafa tilhneigingu til að grípa þá teoríu sem hæfir best, í þessu tilfelli væntanlega marxismann. En marxismi sem hefur ekki samband við raunveruleikann er ekki marxismi, né heldur er víst að verkalýðsstéttin hafi þurft á svo miklum marxisma að halda að undanförnu.

Ég vil meina að þetta tvennt hafi gerst:

1. Ekki var þörf fyrir marxismanum. Þ.e. það var ekki hljómgrunnur í þjóðfélaginu fyrir róttækum byltingarhugmyndum, sem aftur gæti stafað af

2. Því að teoríurnar voru of fjarri raunveruleikanum til að þær gætu komið þeim að notum sem mögulega hefðu þurft á slíku að halda.

Ef litið er yfir sögu verkalýðshreyfingarinnar á Vesturlöndum síðustu 100 ár eða svo má sjá ákveðið mynstur. Áberandi er að eftir fasa sem einkennist af harðri baráttu harðri teoríu og tilfinningahita, kemur annar fasi þar sem ávinningarnir eru varðir, vald verkalýðshreyfingarinnar stofnanabundið og teoríur óþarfar. Þetta á við um þróun verkalýðsvalds t.d. í Sovétríkjunum, Svíþjóð, Íslandi og Frakklandi, og yfirleitt í allri Evrópu.

Verkalýðsflokkar þeir sem áhrifum náðu þegar verkalýðsstéttin var að myndast og skipuleggja sig héldu og halda enn völdum. Þeir mynduðu gígantísk stofnanabákn. Baráttan stirðnaði í klakaböndum. En það gat aðeins gerst vegna þess að hún hafði fært raunverulega ávinninga, verkalýðurinn hafði fengið hús, bíl, menntun handa börnunum og margt annað af því sem barist hafði verið fyrir.

Þjóðfélagið komst í kyrrstöðu. Hér á landi má segja að kyrrstaðan hafi ríkt frá 1942.

Hingað til hefur það aldrei gerst að stöðu stofnanaverkalýðsforingjanna og pólitísks arms þeirra, hægrikrata og vinstri væri ógnað. Hvergi í Evrópu hefur vaxið fram vinstri andstaða sem náð hefur nægu fylgi alþýðunnar til að hnika veldi hrímþursanna. Jafnvel annar eins hildarleikur og síðari heimsstyrjöldin ól ekki af sér neinar þær grundvallarhræringar sem nægðu til að skapa slíka hreyfingu. Hluti af orsökinni fyrir því er líklega áhrif Stalín, Komitern-hugsunarhátturinn hjá kommunum. Reyndar lofar framkvæmd Lenínismans í Sovétríkjunum engu góðu fyrir þá sem feta vilja þá leið í byltingaráformum á Vesturlöndum.

Jarðskjálftar

Um skeið má heita að verkalýðurinn hafi verið lamaður sem pólitískt afl. Hvernig munu þau átök og þær hræringar líta út þegar 100 ára forræði býrókratísins í verkalýðshreyfingunni verður velt? Hvers konar grundvallarbreytingar á þjóðfélaginu þarf til að þau öfl komi fram sem bera með sér breytingarnar? Ég vil halda því fram að til þess að skrifræðinu verði yfirleitt hnikað þurfi einmitt slíka jarðskjálfta. Vinstri menn geta fyllt sitt tómarúm til vinstri við AB, en það breytir í sjálfu sér engu. Það yrði aðeins ein stofnunin enn, sem sæti í þægilegu sæti og gæti baunað á kratana í AB.

Slíkur jarðskjálfti sem ég á við yrði ekki afleiðing áhrifa og áróðurs byltingarmanna. Hann yrði afleiðing róttækra breytinga í efnahagslífi, pólitísku lífi og hugmyndagerð þjóðfélagsins. Sumir myndu kannski verða varir við umbyltingu á vitund verkalýðsins, af völdum aðstæðna. Þá, og aðeins þá yrði teorían raunhæf, bækurnar notaðar og nýtt þjóðfélag stæði fyrir dyrum.

Þegar Karl Marx lagði fram kenningar sínar var veröldin ung. Þær þjóðfélagshræringar sem áttu sér stað á hans tíma voru ekkert smáræði. Verkalýðsstéttin var að myndast, iðnbyltingin breytti ásýnd heimsins, þekking manna á umhverfi sínu óx hröðum skrefum. Margt gerðist á þessum árdögum nútímaþjóðfélags. Meginlínur þróunarinnar voru lagðar. Í langtímasamhengi sögunnar hefur 20. öldin verið öld stöðnunar eða jafnvel hnignunar á flestum sviðum þjóðfélagsþróunar. Tækniþróun hefur hins vegar verið gífurlega hröð, aldrei hraðari en á þessari öld. Móthverfan milli níðþungrar býrókratískrar skipulagningar nútímaþjóðfélaga og gífurlegra tækniframfar er líkleg til að leiða af sér sprengingu fyrr eða síðar.

Leiðrétting

Í greininni „Hvar er nu andstaðan?" segir um eitt af verkefnum róttækrar andstöðu í verkalýðshreyfingunni: **„Að auka** útreikninga ríkis og atvinnurekenda á greiðslugetu fyrirtækjanna". Til hvers væri það?

Hér átti að standa: **Að hafna** útreikningum ríkis og atvinnurekenda á greiðslugetu fyrirtækjanna — Hann er oft ansi samvinnulipur við peningavaldið, prentvillupúkinn.

Minni þátttaka

Framhald af forsíðu

lenínista í þessu tilliti og eins hvað varðar pólitíska stöðu hér heima. Samstaðan var hins vegar augljós í kjarabaráttunni.

Teljandi taldi rúmlega 500 manns í göngu RVEI á Lækjargötunni, en útifundurinn var fámennari e.t.v. með um 300 manns.

Innifundur Kommúnistasamtakanna var fámennastur, með um 40 manns en Fylkingin og Baráttusamtök fyrir stofnun kommúnistaflokks (ekki með í RVEI) náðu um 60 og 90 manna fundum. Tölur BSK um 120-150 manna fund eru óþarfar ýkjur.

Ýmsar leiðinlegar uppákomur tengdust starfi KS að 1. maí. Rúnar Sveinbjörnsson (Fylkingin) sagði í blaðagrein að KS hefðu lýst yfir stuðningi við RVEI. Hið rétta er að KS **sömdu** við Fylkinguna um grundvöll og boðuðu til aðgerða RVEI með öðrum. Má líta á orð Rúnars sem tilraun til að gera lítið úr KS — til hvers?

Þá heimtaði Fylkingin að fá að bera samtakamerki sín og alþjóðasambands skoðanabræðra sinna í göngunni. Málið kom ekki upp fyrr en einni klst. fyrir upphaf aðgerðanna 1. maí. Var í fljótheitum sæst á einn borða (sem var kyrfilega settur aftast í gönguna). Ekki er unnt að líta á þetta nema sem tilraun til að hampa Fylkingunni á kostnað allra þeirra sem ekki eru í henni en taka þátt í RVEI.

Í Neista var auk þess fjallað um „pólitískt gjaldþrot" KS og hæðst að því að KS féllust á að hafa sósíalískar kröfur í göngunni en hafi ekki viljað það í fyrra. Það skal upplýst að KS hafa ávallt haft slíkar kröfur upp í aðgerðum 1. maí. Í fyrra var verið að gera tilraun til að samfylkja stéttarfélögum eða hlutum þeirra **á faglegum** grunni. Þetta veit greinarhöf. Neista vafalaust. En hann þarf að finna langsótt púður á maóistana hvað sem það er blautt.

Sérstakur var svo þáttur BSK Auðvitað er eðlilegt að KS og BSK séu ekki endilega sammála **um mat á taktík 1.maí.** En ásakanir um að KS hafi „yfirgefið baráttustöðu gegn báðum risaveldunum" og „skapi tálsýnir um Alþýðubandalagið" með aðgerðunum 1.maí (inntakið í orðum BSK), eru alhæfingar og ýkjur. Allt starf KS (þá aðra daga ársins) sýnir annað og að auki vantar allan rökstuðning fyrir ásökuninni þennan ákveðna dag. BSK ætti að gera sér far um að halda pólitískri baráttu á hærra plani. Alhæfingar eru vond baráttuaðferð og ýkjur um skoðana(hálf)bræður gera félaga BSK fúla í garð orðháka þegar raunveruleikinn skín í gegnum moldviðrið, fyrr en síðar.

— agé.

Rukkunarhornið

Rukkun gjalda

Unnið verður að rukkun á Reykjavíkursvæðinu í júní. Síðan verður að mestu gert hlé á henni fram í september. Gíróseðlar verða sendir út til þeirra sem ekki næst til í þeim hverfum sem rukkað hefur verið í, t.d. Kópavogi og Hlíðahverfi. Borgið þá! Vitaskuld er hægt að fá gíróseðil og borga gjaldið án þess að hann hafi verið sendur ykkur. Það borgar sig að borga fyrir 1.júlí, því að þá hækkar gjaldið.

Meðan hækkun hefur ekki verið auglýst gildir gamla verðið:-kr. 120.- innanlands.

Áskrifendur úti á landi: Ef þið hafið ekki enn greitt póstkröfuna sem send var út um miðjan maí eruð þið góðfúslega minntir á hana.

Athugið ef einhver hefur greitt **1981** en er nú rukkaður fyrir það aftur er sá hinn sami beðinn að senda okkur **númer** eða ljósrit af kvittuninni svo að finna megi féð. Það hefur komið fyrir að það hafi verið tvírukkað.

Breytt heimilisföng

þarf að sjálfsögðu að tilkynna til að tryggja skilvísa afgreiðslu blaðsins. Vinsamlega skrifið (það er hægt að fá spjöld hjá póstinum og senda ókeypis) því að það verður ekki hægt að treysta því að einhver sé við símann (29212) í sumar. Látið gamla heimilisfangið fylgja.

Verkalýðsblaðið
Box 5186
125 Reykjavík

NAFN _____

HEIMILI _____

PÓSTNR. PÓSTSTÖÐ _____

☐ Óska eftir áskrift f.o.m. ____ tbl. 19____

☐ Segi upp áskrift f.o.m. ____ tbl. 19____

Sendist til:
VBL
Box 5186
125 Reykjavík

Verkalýðsblaðið

Útgefandi: Kommúnistasamtökin
Ritstjóri Arí Trausti Guðmundsson (ábm.)
Aðsetur: Frakkastígur 14
Opnunartími: Alla laugardaga kl. 11.00 — 13.00
Sími: 2 92 12
Pósthólf: 5186.125 Reykjavík
Giróreikningur: 12 200 9, Póstgíróstofan
Prentað í Offsetprent

Launamálin einu sinni enn

Sósíalistar eiga að skilja að sérhver launahækkun hlýtur að minnka ágóða fyrirtækjanna. Þeir eiga að skilja að þeir þurfa að segja sannleikann um þróun launamála og taka þátt í herför launafólks að rekstrarfyrirkomulagi atvinnufyrirtækja í landinu. En stór hluti yfirlýstra sósíalista fellur á prófinu. Og með því þeir gera ósvífnar árásir ríkis og atvinnurekenda hættulegri en ella. Árangurinn má sjá í samanburði á vinnuálagi og tekjumyndun hér og í öðrum Evrópuríkjum.

Fallistarnir í Alþýðubandalaginu reyna að snúa sig út úr vandanum með því að þylja galdraþulur. ,,Kaupmáttur sjaldan verið meiri, lág laun ekki lækkuð að raungildi, kosningar eru kjarabarátta, við erum brjóstvörnin'' — slík eru orðin. Sjálfstæðismenn dunda sér við að afhjúpa falsið og reyna fyrir sínar sakir að sannfæra menn um að slíkt geri þeir ekki sjálfir. Annað segir þó sagan. Kommúnistasamtökin vilja rétt minna á að launamenn verða að sjá í gegnum þetta moldviðri. Samkvæmt stórgallaðri framfærsluvísitölu, er mælir of lágan framfærslukostnað, hefur þessi kostnaður hækkað um 262% á tæpum þremur árum. Hækkun verðbóta á sama tíma um 180%. Til viðbótar koma svo 14-19% grunnkaupshækkanir. Mismunurinn hefur fært ómældar milljónir króna frá launafólki til burgeisa.

Og svo kaldrifjaðir eru svokallaðir vinstri flokkar að þeir leika sér að því að klekkja áfram á launafólki með því að greiða niður landbúnaðarvörur rétt um það bil sem framfærsluvísitalan er reiknuð út vegna verðbótanna 1. júní. Þar leikur þá Alþýðubandalagið þann ljóta leik sem Þjóðviljinn skammaði íhaldið fyrir til þess að komast sjálft að háborði ríkisins.

Þrettán prósent grunnlaunahækkun dugar hvergi til að bæta fyrir orðið tjón. Nýjar sérkröfur Verkamannasambandsins eiga auk þess einungis að koma í stað 5—6% grunnlaunahækkunarinnar, svo þær boða engar viðbætur. En kröfur ASÍ eru staðreynd og of seint að reyna að auka þær. Og hver ætti svo sem að stýra og framkvæma þá sókn? Þess vegna er mikilvægast nú að ná fram herskáum áhlaupum t.d. **yfirvinnubanni og skæruverkföllum** til að ná þó fram kröfunum eins fljótt og auðið er. Annars verða mál þæfð til hausts og upp staðið með of lítinn hlut.

Nýr flokkur er frumhlaup

Fáeinir menn úr 10 ár gamalli hreyfingu marx-lenínista hafa myndað samtök með ungu fólki og ætla að stofna kommúnistaflokk eftir sex mánuði. Með því að setja geislabaug á gamla flokkinn frá 1930-;38, hengja sig aftan í Albaníu og Enver Hoxha grafa sem mest af 10 ára reynslu hreyfingarinnar fram til þessa hér á landi og setja fram ofurróttæka vinstri stefnu, telja Baráttusamtökin fyrir stofnun kommúnistaflokks að myndun slíks flokks felist í háværum yfirlýsingum. Stofnun kommúnistaflokks felst ekki í því að hópur manna tekur sig saman býr til stefnuskrá og lýsir yfir að hann sé framvörður verkalýðsins. Myndun flokksins er langvinnt ferli sem felur í sér uppgjör innan verkalýðshreyfingarinnar milli stéttabaráttumanna og stéttasamvinnumanna og uppgjör innan vinstri hreyfingarinnar er tekur til meginþátta sósíalískrar stjórnlistar og baráttuaðferða við íslenskar aðstæður. Kommúnistaflokkur verður að uppfylla ákveðin skilyrði við stofnun í landi þar sem margir flokkar eru fyrir. Eitt af þeim er raunveruleg tengsl inn í verkalýðshreyfinguna.

Árið 1976 var stofnaður hér Kommúnistaflokkur Íslands. Hann átti sumt sameiginlegt með hugmyndafræðingum hins nýja flokks og var nærri jafn kreddufastur og þeir. Leifar hans eru nú í Kommúnistasamtökunum ásamt hluta hinna gömlu Einingarsamtaka kommúnista. Hið eina rétta væri að Kommúnistasamtökin og Baráttusamtökin vinni saman að því að komast til botns í mistökum marx-leníniskru hreyfingarinnar, bæta stefnuna og starfshættina og knýja fram þá hugmyndafræðilegu baráttu sem þarf að blómstra meðal vinstri manna til þess að fram komi nýr verkalýðsflokkur og kommúnistaflokkur sem tekur mið af áratuga reynslu marxista um allan heim og íslenskum aðstæðum.

12/5 —agé

Frá þingi Kommúnistasamtakanna

Í apríl og maí sl. héldu Kommúnistasamtökin 3. þing sitt frá stofnun. Á þinginu voru til umræðu mál er vörðuðu stöðu samtakanna innan vinstri hreyfingarinnar, verkefni þeirra næstu misserin og kosning nýrrar stjórnar fyrir samtökin.

Meðal nýmæla á þinginu var að samtökin voru skilgreind sem náms- og umræðusamtök, ásamt því að vera útgáfufélag um Verkalýðsblaðið.

Í ályktunum þingsins sem nánar verður greint frá í næsta tölublaði Verkalýðsblaðsins er hvatt til aukins samstarfs vinstri manna, enda setur dýpkandi kreppa auðvaldsins þá ábyrgð á herðar öllum sósíalistum og kommúnistum að þeir móti hæfilegar baráttuaðferðir og stjórnlist í sameiningu sem henti íslenskum aðstæðum.

Kvennaframboð metið upp á nýtt

Í meðförum umbrotsmanna brenglaðist greinin ,,Metið kvennaframboð'' svo illilega að hún var ekki læsileg í síðasta tbl. VB. Greinin birtist því hér á ný og dálítið breytt. Greinin túlkar ekki afstöðu Kommúnistasamtakanna í heild. Rsh. stendur fyrir Rauðsokkahreyfinguna og KF fyrir Kvennaframboð.

Ef frá eru taldir fyrstu áratugir aldarinnar hefur jafnréttisbaráttunni miðað hægt. Með hægriþróun gamla Alþýðuflokksins og eyðingu Kommúnistaflokksins hvarf umtalsvert afl úr kvennahreyfingu landsins. Síðasti áratugur varð eins konar endurnýjunartími hennar, sumpart í tengslum við nýjar róttækar stjórnmálahreyfingar á Vesturlöndum. En kvennahreyfingin er lítið skipulögð. Helst ber á kvenréttindasamtökunum og Rauðsokkahreyfingunni (Rsh). Hvorug samtökin hafa skipt sköpum í baráttunni og sanngjarnt mat getur ekki annað en hallað á Rsh sem ekki hefur náð fótfestu utan hóps róttækra menntakvenna. Bæði fyrir og eftir klofning Rsh 1974 hefur feminismi (karlkynið höfuðóvinur) verið ríkur í Rsh. Eftir klofninginn hefur orðið til sérkennileg blanda af feminisma og ,,sósíalískri'' samfylkingu — þar sem hlutstæður málefnagrundvöllur með afmörkuðum málum víkur fyrir



sósíalískri framtíðarsýn. Í raun kemur Rsh þannig alls ekki til móts við kvennafjöldann og útilokar konur frá veru í samtökunum séu þær ekki sósíalistar með nokkuð mótaða heildarsýn. Hversu margar eru konur meðal sósíalista og af hverju gætu **þær** ekki nýtt sér flokka og samtök sem til eru? Rsh hefur vissulega átt þátt í umbótum í jafnréttisbaráttunni en það má draga í efa, í ljósi aðstæðna og reynslu, að Rsh sé sú kvennahreyfing sem mest er þörf á í bili. Hughyggja innan Rsh hefur yfirleitt komið í veg fyrir að Rsh tæki mark á gagnrýni eða reyndi að meta stefnu og starfshætti í ljósi árangurs. Rsh vísaði alfarið á bug gagnrýni marx-lenínista o.fl. sem leiddi til stofnunar 8. mars hreyfingarinnar (er var um margt óþarft skref). Nú hefur Rsh hinsvegar tekið upp gagnrýni á skipulag og starfshætti og breytt hvoru tveggja! Gott — og því ekki að athuga hvernig best sé að koma fyrir jafnréttisbaráttu í **verkalýðshreyfingunni, meðal kvennafjöldans** sem fylgir ýmsum flokkum og loks **meðal sósíalískra kvenna?** Ekki þarf að leggja Rsh niður heldur stuðla að myndun breiðari samtaka. Þau geta fyrst og fremst sinnt almennu samfylkingarstarfi meðal kvenna. Kvenkyns sósíalistar starfa auðvitað með öðrum konum þar en **líka** í hreinpólitískum flokkum.

Aðstæður eru skilyrði!

Vinstri mönnum hefur oft hætt til að böðlast áfram og búa til spilaborgir með því að skoða illa aðstæður. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, ein úr KF, hafnar einmitt slíkri hughyggju og segir að KF sé **rökrétt svar við athugun á aðstæðum jafnréttisbaráttunnar hér** (viðtal við Neista í mars). Ásvari Fylkingarfélaga er hins vegar að skilja að það sé ekkert samband milli stéttarlegs inntaks kvennabaráttu og kynbundins þegar grannt er skoðað. Í svarinu er lögð öll áhersla á hina stéttarlegu baráttu. Annað segir þó starf Rsh hingað til og annað segja skoðanir róttækra kvenna. Skoði menn tekjumyndun í þjóðfélaginu, félagsaðstöðu kvenna menntun, atvinnustöðu o.fl. sést klárlega að það verður að vinna mikið

Framhald á bls. 5

Rúmleysi

Vegna rúmleysis verður seinni greinin um verðbólguna og orsakir hennar að bíða næsta tölublaðs. Hún heitir ,,Verðbólguhvatar''. Tilvalið er að lesa báðar greinarnar (sú fyrri er í 3.-4. tbl.) saman.

Ritnefnd

Þorleifur Gunnlaugsson:

BSK eflast samhliða djúpri kreppu endurskoðunarstefnu

1. Það sem átt er við með vinstri hreyfingu er þá væntanlega Alþýðubandalagið, Fylkingin, Kommúnistasamtökin, BSK, Rauðsokkahreyfingin og Samtök herstöðvaandstæðinga. Mikil uppstokkun á sér stað í þessari hreyfingu annars vegar með tilkomu og eflingu Baráttusamtakanna fyrir stofnun Kommúnistaflokks og hins vegar drjúpri kreppu endurskoðunarstefnunnar sem kemur skýrast fram í algjörri upplausn Kommúnistasamtakanna en kreppa endurskoðunarstefnunnar stafar af almennri efnahags- og pólitískri kreppu heimsvaldastefnunnar.

2. Í Samtökum herstöðvaandstæðinga er Alþýðubandalagið leiðandi fyrir ,,ný viðhorf í herstöðvamálinu''. Stefna þess (sem á þó nokkurt fylgi í miðnefnd SHA) er að stofna nýja ,,friðarhreyfingu'' sem myndi ýta vígorðunum um Ísland úr NATO og herinn burt til hliðar og veikja eða jafnvel gera Samtök herstöðvaandstæðinga óvirk.

Alþýðubandalagið lítur á það sem sitt höfuðverkefni að byggja upp og vernda auðvaldsþjóðfélagið. Kjarasamningarnir s.l. haust voru kjaraskerðing framkvæmd undir forystu Alþýðubandalagsins í skugga heimskreppunnar.

Fylkingin, sem þrátt fyrir byltingarsinnaða frasa heldur í humátt á eftir Alþýðubandalaginu í innanlandsmálum en ver heimsvaldastefnu Sovétríkjanna í alþjóðamálum. Fylkingin er málsvari trotskyismans



sem fyrir löngu hefur afhjúpast sem gagnbyltingarstefna.

Kommúnistasamtökin eru kreppuhrjáðustu samtök á Íslandi í dag og í algjörri upplausn sem einnig eru einkenni maóistahreyfingarinnar um allan heim. Þau hafa fordæmt það byltingarsinnaða í fortíð sinni og rekið hreina og klára hentistefnu.

Pólitíska ástandið í dag mótast annars vegar af kreppuundirbúningi auðvaldsins og hins vegar af upplausn fjöldaheyfinganna og úrkynjun Alþýðubandalagsins, Fylkingarinnar og Kommúnistasamtakanna. Til þess að hamla gegn þessu ástandi og til að snúa vörn í sókn er nauðsyn á byltingarsinnaðri forystu. Slíka forystu hafa Baráttusamtökin fyrir stofnun Kommúnistaflokks einsett sér að veita. BSK eru einu marxísku-lenínísku samtökin á Íslandi og eru því nauðsynlegt forystuafl í baráttunni fyrir sósíalismanum. BSK grundvallast í einu og öllu á hinum vísindalega sósíalisma eins og hann var þróaður af frumkvöðlunum — Marx, Engels, Lenín og Stalín. BSK hafnar allri hentistefnu og leyfa henni ekki að festa rætur innan sinna raða. Baráttan gegn hentistefnunni er óhjákvæmilegur þáttur í baráttunni fyrir sósíalismanum.

3. Verkefni BSK miðast að sjálfsögðu við og þjóna höfuðmarkmiðum sósíalísku byltingarinnar. Til þess að hún megi eiga sér stað og hljóta sigur er nauðsynlegt að til sé raunverulegur kommúnistaflokkur sem fær er um að veita forystu gjörvallri baráttu verkalýðsins og vinnandi alþýðu og beina henni inn á byltingarsinnaðar brautir. BSK sem þegar á stofnfundi einsettu sér það að mynda kommúnistaflokk á eins skömmum tíma og hægt er, hafa nú þegar náð þeim árangri (sem meðal annars kemur fram í 150 manna fundi samtakanna á 1.maí) að þau geta heitið því að Kommúnistaflokkur Íslands verður endurreistur í desember á þessu ári. Undirbúningur flokksins felst ekki aðeins í undirbúningi stofnþingsins heldur er hann mjög fjölþættur og snertir nánast allar hliðar stjórnmálastarfsins. Samtökin þurfa að sameina íslenska marx-lenínista um stefnu sína og festa hið leníníska skipulag í sessi. Þau þurfa að tengjast fjöldanum nánari böndum og efla starf sitt og áhrif í fjöldahreyfingum alþýðunnar. Í verkalýðshreyfingunni þarf að styrkja byltingarsinnuðu andstöðuna sem þegar hefur skotið rótum og heyr nú skipulega baráttu gegn stéttasamvinnu- og svikastefnu endurbótasinnanna til að beina kjarabaráttunni út fyrir ramma þessa þjóðskipulags og leggja þannig grunn að byltingarsinnaðri verkalýðshreyfingu sem er veigamikið tæki í byltingarbaráttunni. Samtökin þurfa að auka áhrif stefnu sinnar í Samtökum herstöðvaandstæðinga og skipuleggja baráttu gegn uppgjafarstefnu endurskoðunarsinna af öllum gerðum, berjast fyrir því að stefnu SHA sé í heiðri höfð og skipuleggja herstöðvaandstæðinga til raunverulegrar barátu gegn hernum og NATO. Samtökin þurfa að efla kvennabaráttuna og veita henni byltingarsinnað inntak, berjast gegn kvenrembu (femínisma) og byggja öfluga byltingarsinnaða kvennahreyfingu.

Fleira mætti nefna því að samtökin og síðar Kommúnistaflokkurinn verða jafnt og þétt að byggja upp byltingarsinnað starf meðal allra framsækinna stétta og hópa í þjóðfélaginu en þetta eru meðal brýnustu verkefnanna í dag.

Baráttusamtökin fyrir stofnun kommúnistaflokks vilja starfa með öllum sem vilja vinna að framgangi stefnu samtakanna að einhverju leyti en halda þó fullu sjálfstæði og gagnrýna og afhjúpa hentistefnuna stöðugt þó að þau myndi mögulega tímabundna samfylkingu við einhverja fulltrúa hennar.

Þorleifur Gunnlaugss.
félagi í BSK.

Vinstri hreyfingin

Spurningar og svör

Verkalýðsblaðið bað nokkra yfirlýsta félagshyggju- og vinstri menn að svara þremur spurningum. Þær eru:

1. **Hvernig skilgreinir þú vinstri hreyfinguna á Íslandi?**
2. **Hver er staða vinstri hreyfingarinnar?**
3. **Hver eru mikilvægustu verkefni vinstri hreyfingarinnar?**

Í síðasta tbl. birtum við svör þeirra Árna Hjartarsonar, Ara T. Guðmundssonar, Böðvars Guðmundssonar og Arnórs Sighvatssonar við þessum spurningum.

Hér koma svo svör tveggja manna til viðbótar, Þorleifs Gunnlaugssonar og Vilmundar Gylfasonar. Spinnast vonandi einhverjar umræður af svörunum sex. Lesendum er velkomið að senda inn eigin svör!

Geta samtökin unnið saman?

Undirbúningsviðræður undir Rauða Verkalýðseiningu 1982 marka nokkur tímamót í samskiptum Fylkingarinnar og Kommúnistasamtakanna. Hingað til hafa þessi samtök lítt getað talast við öðru vísi en með skætingi og útúrsnúningum. Dæmi: Fylkingarmenn segja að maóistar séu ekki vinstri menn og styðji NATO. Annað dæmi: Ari Trausti skrifar reglulega í Verkalýðsblaðið að Fylkingin sé ekki marxísk. Jafnvel þótt hvort tveggja væri hárrétt er betta ekki vænlegt til að samtökin nái saman á einhvern hátt.

Sameiginleg markmið

Í svörum Árna Hjartarsonar, Arnórs Sighvatssonar og Ara Trausta Guðmundssonar við spurningum Verkalýðsblaðsins 1. maí sl. koma fram merkilega lík aðalatriði. Allir tala þeir um að efla þurfi baráttu fyrir sósíalískum hugmyndum og að vinstri hreyfingin þurfi að sameina krafta sína á einhvern skipulaegan hátt. Þeir hafa ekki einu sinni í heiðri gömlu formúlurnar um að efla skuli þeirra eigin samtök, það sé eina og besta og öruggasta ráðið.

Enn sem komið er hafa Kommúnistasamtökin ekki yfirgefið formlega hlutverk sitt sem flokksbyggingarsamtök en í raun hafa þau gert það. Þau og Fylkinguna hefur lengi langað til þess að sameina vinstri menn, undir sínu **eigin** merki. Það hefur nú gengið eins og allir vita.

Nauðsyn samvinnu

Nú er svo komið að samtökin bæði verða að opna augun fyrir því að komast ekki lengur upp með það að ætla að hunsa hin samtökin ef þau ætla sér að efla vinstri hreyfinguna hugmyndalega og skipulagslega. Þau hafa reynt það í tíu ár. Samt kemur þorri fólks ekki auga á að á stefnunni sé sá grundvallarmunur sem réttlæti fjandskap. Þetta fólk situr e.t.v aðgerðarlítið vegna þess að því þykir vettvangurinn ekki fýsilegur.

Til skamms tíma voru Fylkingin og Kommúnistasamtökin einu skipulögðu samtökin til vinstri við Alþýðubandalagið

Vilmundur Gylfason:

Lýðræði, þingræði, mannréttindi og mannhelgi

1) Að minni hyggju eru hugtökin ,,vinstri'' og ,,hægri'' í mörgum efnum óljós. Róttækur maður sem nær fram markmiðum sínum, gerist gjarnan að því loknu íhaldssamur um þau sömu mál, vill vernda ávexti vinnu sinnar. Almannatryggingarnar voru róttækar hugmyndir, kröfur til ,,vinstri'' á árunum 1936, og aftur 1946. Í dag eru kröfur um almannatryggingar ekki róttækar, þvert á móti eru þeir jafnaðarmenn í öllum flokkum, sem vilja verja almannatryggingakerfið, íhaldssamir í þeim efnum. Og ekki verri fyrir það.

2) og 3) Nú eru um stundir uppi marghátt aðar hugmyndir um endurnýjun, hugmyndalega nýsköpun, á því pólitíska svæði sem við með óljósum hætti getum kallað vinstri væng.

Sjálfur vildi ég mega leggja áherslu á eftirfarandi. Þrátt fyrir marghátt aða galla í stjórnkerfi okkar, ber að leggja grundvallaráherslu á **lýðræði, þingræði** og **mannréttindi** og **mannhelgi.**

Þessi sjónarmið koma fyrst og á undan öllum öðrum. Víst er lýðræðið stirt og þungt í vöfum og þingræðið ófullkomið. En það breytir ekki hinu, að í þessum hugmyndum og þeim stofnunum sem af leiða er að finna grundvallarverðmæti okkar í stjórnarfarslegum efnum.

Nýróttæk hreyfing á hins vegar að einbeita sér að því að útfæra lýðræðið, gera það fullkomnara láta það ná til fleirri sviða, smærri eininga. Það á að færa lýðræðið inn í fyrirtækin, út í héruðin, inn í borgarhverfin. Það á hvergi að hvika frá þeirri grundvallarhugmynd, sem lýðræðið er. En það á að útfæra lýðræðið í sífellt smærri, og þá sífellt fleiri einingar.

Að sama skapi á nýróttæk hreyfing að beita sér fyrir endurskipulagningu í samtökum launafólks, þannig að valdinu sé dreift, og launafólk hafi í vaxandi mæli möguleika á því að taka samningavaldið í eigin hendur, ef það svo kýs. Sem regla er miðstýring á fjöldasamtökum sem launaþegasamtökunum óæskileg. Vitaskuld eiga heildarsamtök að vera til staðar, og þau eiga að geta beitt sér sem slík ef nauðsyn krefur. En frá degi til dags á að taka ákvarðanirnar ,,á gólfinu'' þar á að semja um kaup og kjör.

Með öðrum orðum, valddreifing, lýðræði í litlum einingum, áhersla á og ræktun hins smáa, hygg ég vera lykilhugtök í nýsköpun hugmynda.

Athugum eina praktíska hlið þessa máls. Staðreynd er að á undanförnum árum og áratugum er það staðreynd að sú leið sem farin hefur verið þegar samið er um kaup og kjör, hefur reynst láglaunafólki lítils eða jafnvel einskis virði. Aðeins sú einfalda staðreynd, að miðstýring í kjarasamningum vinnur gegn hagsmunum láglaunafólks eru þegar rök með því að gerbreyta samningakerfinu og þar með öllu skipulagi launaþegasamtakanna.

Ég hef kosið á því nauma plássi, sem mér er skammtað, að leggja áherslu á eitt en veigamikið svið nýróttækra hugmynda. Ég vil svo bæta við að að minni hyggju á að byggja stjórnmálasamtök upp með svipuðum hætti. Stjórnmálasamtök eiga að vera laustengd og valddreifð samtök, eins konar bandalag félaga og einstaklinga, sem síðan kjósa fulltrúa eftir höfðatölu á flokksþing og í flokksstjórn, sem tekur ákvarðanir milli flokksþinga.

Sögulega talað voru stjórnmálaflokkar sem urðu til samhliða skipulegri verkalýðshreyfingu eins og Alþýðuflokkurinn (og raunar einnig Kommúnistaflokkur/Sósíalistaflokkur/Alþýðubandalag) mjög miðstýrðir. Flokkur eins og Alþýðuflokkurinn var skipulagður með þessum hætti. Á síðasta flokksþingi flokksins var skipulagi hans gerbreytt í átt til valddreifðs bandalags. Þó svo ekki hafi orðið framhald á þess háttar uppbyggingu sl. haust meðal annars vegna þess að umræðan fór nokkuð úr böndum og nokkur misskilningur gerði vart við sig, þá er hitt engu að síður staðreynd að að forminu til hefur skipulagi flokksins verið gerbreytt. Það eru allir möguleikar fyrir hendi að gera Alþýðuflokkinn að fjöldreifðum, valddreifðum samtökum, þar sem lýðræði og mismunandi skoðanir fá að blómstra; þar sem þúsund blóm fá að blómstra, og þar sem menn og hópar þeirra hafa áhrif í samræmi við fjölda.

Vilmundur Gylfason

---

sem voru með altæka stefnu. Fleira er þeim sameiginlegt en sundrar þeim en ágreiningurinn er að mörgu leyti trygging þess að þessi samtök geta ekki í bráð myndað einhverja andstyggilega stalíníska grúppu með járnaga og engu skoðanafrelsi.

Hefjum umræðu!

Til að hefja umræðuna sem 3 fyrrnefndir heiðursmenn eru sammála um að sé nauðsynleg er brýnt að samtökin (FBK og KS) taki höndum saman og hefji umræðuna. Ég styð hugmyndina um ráðstefnu vinstri manna einhvern tíma næsta vetur. Og hvernig væri að huga að sameiginlegu framboði kommúnista í næstu Alþingiskosningum?

Rvík. 14.maí 1982
Baldur

Kvennaframboð metið...

Framhald af bls. 3

umbótastarf sem gagnast konum almennt **meðfram** og **í tengslum** við sósíalíska baráttu. Enda er langur vegur milli lítt þróaðra jafnréttishugsjónar og sósíalískrar byltingarbaráttu. Hvernig á að þoka konum (og körlum) milli þessara vegmerkja? Það hlýtur að þurfa að lúta skilyrðum og skipuleggja mismunandi kvennasamtök, samfylkingar og flokka, fremur en að festast í ,,hinu eina og sanna svari'' — róttækum vinstri kvennasamtökum.

Gagnrýni Kommúnistasamtakanna

Kommúnistar telja svonefndan reynsluheim kvenna (sbr. grundvöll KF) ekki tilbúning. En hann er **í raun háður stéttarstöðu kvenna** og því nær að segja að reynsluheimar kvenna séu **margir.** Hitt er svo rétt að konur geta sameinað ýmislegt úr reynsluheimum sínum og unnið saman að **umbótum** í jafnréttisátt. Framtíðarlausnir eru aftur á móti áreiðanlega stéttbundnar og sósíalískar. Plagg KF gerir ekki grein fyrir þessu en verður þó að teljast framsækið miðað við fyrrgreinda samvinnu kvenna úr ólíkum stéttum. Einkunn Rsh (,,borgaralegt plagg'') er einsýn og hrokafull. KS hljóta líka að vera ósammála kröfum Rsh um að framboðshópur kvenna eigi að geta greint hina flokkana og gert upp við stefnu þeirra. Til slíks þarf sjóaðan og væntanlega marxískan flokk! Enn undarlegri er krafa Rsh um að kvennaframboðið skilgreini kröfur sínar **háður** en farið er út í framboðsstarfið. Slíkt er ekki hægt að gera nema í tengslum við rannsóknir á borgarmálefnum þegar um er að ræða hóp sem enga reynslu hefur af borgarstjórn. KS hljóta aftur á móti að gagnrýna óljóst umtal um tæknivæðingu með óhjákvæmilegri (?) mengun og nauðgun á frumþörfum (?) mannsins og um orsakir misréttis sem skilja mætti á þann veg að undirrótin væri karleðli en ekki arðrán.

Kosningastefnuskrá KF er að meirihluta svipuð og mörg atriði er finna má einhvers staðar í stefnuskrám allra hinna flokkanna, og þá venjulega skárstu atriðin. Fáein ágæt nýmæli eru þar líka en því miður er ekki rúm til að fjalla um einstök stefnumál hér. Megingallinn er sá að framboðsflokkurinn markar **ekki** nýja stefnu í tekjuöflun borgarinnar (aukaköttun peninga- og eignafólks, sem gæti auðveldað verulegar framfarir.

Allavega er KF liður í uppstokkun í íslenskum stjórnmálum, það kemur til móts við kvennafjöldann og það hefur í við mannlegri stefnuskrá en aðrir aðilar.

Kosningasigur KF mun líkt og sigur Vigdísar vera jafnréttisbaráttu til framdráttar. Sigurinn mun líka gagnast launafólki í baráttu þess.

Ari T. Guðmundss.

Landsbokasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Lausasala: Kr. 10,00
Áskrift: Kr. 120,00
Stuðningsáskrift: Kr. 170,00
Áskrift til útlanda: Kr. 170,00
Giró: 12200-9

Verkalýðsblaðið

5. tbl. 11. árg. 1. júní 1982

Sumarliði skrifar áhugaverða grein í Verkalýðsblaðið á síðasta ári. Hann talar nokkuð um flokkinn og rekur helstu mistök sósíalískra byltinga til flokksins, hins leníníska kommúnistaflokks sem stjórnað er með lýðræðislegu miðstjórnarvaldi.

Spurningin um hina leníníska flokksgerð er mjög mikilvæg í þeirri uppstokkun á marxismanum sem hlýtur að fara fram í kjölfar þeirra víðtæku vonbrigða sem orðið hafa með þróunina í ,,sósíalísku'' ríkjunum.

Þessi spurning tengist mjög vandamálum lýðræðis í sósíalismanum. Almenn mannréttindi hafa yfirleitt verið fótum troðin í þessum ríkjum. Athyglisvert er hve menning og listir eru ófrjó, og hvernig listamenn og menntamenn verða að búa við starfsskilyrði sem eru næstum óþolandi. Þetta atriði er aðeins ein birtingarmynd ,,alræðis öreiganna'' sem í raun er alræði flokksins.

Hugleiðingar um eðli sósíalískra byltinga

Mig langar að varpa þeirri spurningu fram hvort bylting í Sovétríkjunum hafi verið í raun sósíalísk. Lenín talar um að Rússland hafi verið veikasti hlekkurinn í keðju heimsvaldaríkjanna. Það var einn flokkur, Bolsévíkaflokkurinn, sem stóð fyrir byltingunni með stuðningi öreigastéttar og smábænda. Þegar á fyrstu árum byltingarinnar fór að myndast yfirbygging, skrifræðisbákn, sem í raun stjórnaði landinu. Þessi yfirbygging, ,,framvörður öreigastéttarinnar'' var einni kölluð Bolsévíkaflokkurinn.

Andstæður í Rússlandi voru mjög skarpar á þessum árum. Lénsveldi, vanþróaður kapítalismi og gífurleg eymd almennings sköpuðu þessar aðstæður. Jafnframt var öreigastéttin mjög samþjöppuð í kringum stórar verksmiðjur.

Stærsta vandamálið sem bolsévíkar áttu við að etja var vanþróun, lénskt skipulag landbúnaðarins. Engels hafði lagt fram kenningu um eðli sósíalísks efnahags: ,,þegar samfélagið yfirtekur framleiðslutækin, er vöruframleiðslunni lokið, og þar með valdi framleiðslunnar yfir framleiðendunum.'' Eina landið þar sem þetta hefði verið mögulegt þegar Engels skrifaði þetta var England. Stalín bendir á að þróun framleiðsluaflanna í Rússlandi hafi alls ekki verið á þessu stigi 1917, en heldur fram að vandamál sem þetta leiddi af sér hafi verið leyst með samyrkjubúum o.s.frv.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þessi efnahagslegu vandamál sósíalismans, en bendi á að Sovétmönnum tókst aldrei að leysa þessi vandamál, þrátt fyrir stórstígar framfarir í efnahagsmálum, né tengja þessar framfarir við virkt lýðræði í stjórnmálum, menningarmálum og á öðrum sviðum.

Gagnbylting

Við höfum séð að Sovétríkin eru nú heimsvaldaríki, risaveldi. Kínverjar skýrðu þetta með ,,borgaralegri gagnbyltingu Krúsjeffs 1956''. Trotskistar segja að ,,skrifræði sem byggi á umboði frá verkalýðsstéttinni en sé óháð henni'' hafi náð völdum skömmu eftir dauða Lenins. Ég tel að hvorug skýringin sé rétt. Fyrri skýringin segir að Stalín hafi verið hinn alvitri (eða a.m.k. 70% alvitri) snillingur, sem hafi haldið uppi sósíalisma, þangað til hann dó, og sú síðari setur Lenín í stað Stalíns á sama hátt.

Stalín talar oft þannig að minnir á rússneskan stórveldissinna. Hann innlimaði Eistland, Lettland og Litháen, og síðar kom hann (eða skrifræðisstéttin sem hann var hausinn á) á fót dularfullu kerfi ,,sósíalískrar samvinnu'' í Austur-Evrópu, og eru þau ríki nú algjörlega háð Sovétríkjunum.

Ég ætla að halda áfram að tala um Stalín. Ég tel að meginatriðið í pólitík hans hafi verið róttæk þjóðernisstefna. Sú pólitík átti hljómgrunn meðal rússneskrar alþýðu, sem eðlilegt var. Hún vildi byggja nýtt þjóðfélag, óháð erlendum ríkjum og varpa af sér oki lénsveldisins. Útkoman varð í raun ríkiskapitalismi með sósíalíska hugmyndafræði að yfirbragði, stjórnað af yfirstéttinni, flokknum. (Berið saman Alsír og Sovétríkin).

Sú mynd sem byltingin tók á sig á lítið skylt við þá mynd sem marxísk hugmyndafræði gefur af sósíalísku þjóðfélagi. Ég vil setja þann fyrirvara að ég tel ekki að kapitalismi eða leið Kerenskís og mensévíka hefði gefið sama árangur. Heimsvaldastefnan er ekki framsækið afl. En það liggur ekki fyrir að ,,sósíalísk'' þjóðfélög hafi hingað til verið framsæknari hvað varðar þróun framleiðsluafla og þess að koma á raunverulegu lýðræði, alræði öreiganna.

Kína

Við skulum líta í ýmis önnur dæmi. Eldmóður kínversku byltingarinnar er ótrúlegur. En hver gerði þessa byltingu? Smábændurnir. Maó Ze-dong var bændaleiðtogi, sem á frábæran hátt beitti marxismanum til að framkvæma nýlýðræðislega byltingu eins og hann kallaði hana. Eins og í Rússlandi var það einn flokkur, ein valdaklíka sem stjórnaði byltingunni og enn heldur völdum. Munurinn á kínverska flokknum og þeim rússneska var að allvélræn efnishyggja varð að víkja fyrir nýrri útgáfu sem lagði mun meiri áherslu á ,,voluntarisma'' og sem byggði á gífurlegri vakningu meðal bændamúgsins, en hafði lítið frá öreigum að sækja. Og Kína er ennþá á stigi nýlýðræðis. Þeir hafa lengst af rekið stefnu sem varla verða fundnir gallar á. Sérstaklega á þetta við um utanríkisstefnuna. Þjóðfélag það sem kínverskir kommúnistar máttu fást við var og er einstakt hér í þessum parti alheims. Afrek þeirra er frábært.

Þrátt fyrir það verður ekki komist hjá því að líta á staðreyndir. Eins og Maó Ze-dong segir er Kína 3. heims ríki. Sósíalismi getur aðeins orðið að veruleika við ákveðið stig framleiðsluaflanna. Kínverjar hafa ekki náð þessu stigi. Þeir eru á leiðinni og á góðri leið. Rússar hafa náð þessu stigi, en þeirra þjóðfélag er ekki sósíalískt.

Guðir hins nýja Kína

Kommúnistar hafa haft marga guði. 3. nallinn, Stalín og Sovétríkin, síðan Kína og Albanía, og nú virðast þeir heldur ruglaðir. Eins og í Víetnam (sérlega drastískt dæmi) þá virðist mér það einkenni á ,,sósíalískum'' byltingum, að þær hafi gerst í vanþróuðum löndum, þar sem þörf var fyrir róttækar breytingar á þjóðskipulaginu til að unnt væri að koma þessum löndum undan áhrifum heimsvaldasinna og lénsveldis, og byggja upp eigin efnahag, óháðan þessum löndum. (Víetnam tókst þetta ekki einu sinni, þrátt fyrir áratuga baráttu. Þeirra bylting er hræðilegt skrímsli). Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Eitt einkennið er algjör skortur á lýðræði. Ef ég væri rithöfundur eða listamaður af öðru tagi vildi ég ekki starfa í Kína, hvað þá Sovétríkjunum. Ég hef lesið nokkuð af ,,sósíalískum'' bókmenntum Kínverja, og minna þær að mörgu leyti á ýmis verk borgaralegra rómantíkera. Skáld fá ekki að starfa frjálst, þau verða að ,,tengjast öreigastéttinni'' þ.e. fara eftir flokkslínunni. Gagnrýnin skáld eru sett í fangelsi eða ofsótt. Hvers konar sósíalismi er það sem þolir ekki opna gagnrýni?

Sósíalisminn liggur í framtíðinni

Meðal æskulýðs í sósíalískum löndum ber mikið á yfirþyrmandi aðdáun á ,,borgaralegum úrkynjunarkúltúr'' svo sem gallabuxum, rokktónlist og ýmsu fleiru af því tagi, í útvatnaðri mynd. Þetta virðist bjóða þeirri skoðun heim að sósíalisminn hafi ekki reynst fær um að skapa menningu og listir sem hafi yfirburði yfir ,,vestræna úrkynjunarmenningu''. Þetta gildir bæði um Rússland og Kína, og einnig Albaníu.

Rússneska efnahagsundrið, 1928—1939 þarf að skoða upp á nýtt. Vestrænir hagfræðingar skoðuðu þetta mjög náið og komu upp með Keynesisma, en hvorki hann né 5 ára áætlanir Rússa hafa megnað að forða efnahagskreppu í þessum hagkerfum.

Enn hefur ekki verið gerð sósíalísk bylting í ríki þar sem þróun framleiðsluaflanna er komin á það stig að lénskar leifar eru horfnar. Vesturlönd, svo og Austur-Evrópa og Sovétríkin eru nú þannig ríki. Það er ekki upplífgandi að líta yfir þessi þjóðfélagskerfi. Þar er hvergi að finna neitt sem mögulega gæti minnt á sósíalisma, nema jú auðvitað að þróun framleiðsluaflanna er löngu komin á það stig að sósíalísk bylting er möguleg og hugsanlegt að hægt sé að gera hana án þess að lenda aftur út í ófæru Stalínismans.

Ég held að fyrsta raunverulega sósíalíska þjóðfélagið liggi í framtíðinni. Þjóðernisbarátta 3. heims ríkjanna hefur grafið mjög undan valdi imperialismans. Núverandi heimskreppa, stríðsundirbúningur risaveldanna og frelsisbarátta í 3. heiminum — allt þetta bendir til þess að á næstunni muni koma til stórkostlegra átaka, sem ekki eigi sinn líka í veraldarsögunni.

Ég er kominn nokkuð langt frá útgangspunktinum, umræðunni um hlutverk flokksins. K. Marx, J.V. Stalín, V.I. Lenín, Maó Ze-dong, allt eru þetta merkir fræðimenn sem hafa unnið nauðsynlegt starf á sviði þjóðfélagsvísinda. Marxisminn er og verður sterkasta hugmyndafræðilega afl nútímans. Nýjar aðstæður og reynslan af tilraunum til að koma í sósíalísku þjóðfélagi hlýtur að kalla á endurmat á marxismanum. Ég held að sósíalisma verði ekki komið á með flokkseinræði, kúgun og nýrri yfirstétt, hvort sem það eru bolsévíkar eða harði kjarninn úr göngunni miklu sem standa fyrir þessum tilraunum. Sósíalismi hlýtur að byggjast á opinni skoðanabaráttu, lýðræði, trausti á fjöldanum og raunverulegum völdum alþýðunnar. Hvert hlutverk flokksins verður í byltingu framtíðarinnar er óljóst, en hann verður að vera fyrir hendi. Aðalatriðið er að hann fari ekki að skipta sér af hlutum sem honum koma ekki við.

ÁDJ